

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 472 13. ágúst 1981
um Íslenskar Getraunir.

1. gr.

6. málsg. 13. gr. orðist svo:

Vinningar, sem ekki ná kr. 100,00, skulu ekki greiddir út. Ef vinningshlutar í 2. flokki ná ekki kr. 100,00, bætist vinningsfjárhæð 2. flokks við vinningsfjárhæð 1. flokks og skiptist heildarvinningsupphæð vikunnar þá milli seðla í 1. vinningsflokk. Nú nær vinningshluti í 1. flokki ekki kr. 100,00 og fellur þá greiðsla vinninga í þeirri viku niður, en vinningsupphæðinni skal þá bætt við heildarvinningsupphæð næstu getraunaviku á eftir.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 59 29. maí 1972 um getraunir, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 10. janúar 1984.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.

10. janúar 1984

Nr. 12

AUGLÝSING

um meðferð meðlagsmála samkvæmt Norðurlandasamningi um
innheimtu meðlaga.

Ráðuneytið hefur falið Innheimtustofnun sveitarfélaga að annast frá 1. janúar 1984 hlutverk það, sem ráðuneytinu er falið í 2. mgr. 2. gr. samnings milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um innheimtu meðlaga frá 23. mars 1962, sbr. lög nr. 93/1962 og jafnframt að taka að sér framkvæmd innheimtu meðlaga hér á landi samkvæmt samningnum.

Skipan þessi er gerð samkvæmt 2. gr. laga nr. 96/1962.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 10. janúar 1984.

Jón Helgason.

Baldur Möller.

10. janúar 1984

Nr. 13

AUGLÝSING

um friðland í Gróttu.

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa Gróttu í Seltjarnarneskaupstað og er svæðið friðland.

Mörk friðlandsins eru við stórstraumsflóðmál landmegin á eiðinu og allt að 60 föðmum (115 m) á sjó út frá stórstraumsfjörumáli umhverfis eyjuna.